

TILKYNNING

UNGLIÐAFUNDUR Í FINNLANDI

Næsti fundur ungliðasamtaka Efcca, eða EYM (Efcca Youth Meeting) verður haldinn í Finnlandi næsta sumar, dagana 16. til 19. júlí. Fundurinn verður í Tampere sem er ca. 220.000 manna bær nálægt Helsinki. Í fyrra, eftir nokkurra ára hlé, sendu CCU samtökin tvær ungar stúlkur á sama fund til Írlands. Eftir þá ferð var endurvakinn ungliðahópur CCU og hafa þær stóllur, Rakel og Herdís séð um fésbókarhópinn sem fer stækkandi.

Dagskrá fundarins er fjölbreytt, skapandi og lærdómsríkir vinnuhópar, kynningar á starfsemi ungmennasamtaka vítt og breytt um Evrópu, ípróttaleikir, skoðunarferð og kveðju kvöldverður síðasta kvöldið. Ekki má heldur gleyma þeim mikilvæga þætti að þarna hittast ungmenni frá ólíkum löndum, sem öll glíma við svipuð vandamál. Gott er að kynnast mismunandi aðstæðum og geta deilt sinni reynslu og ráðum með öðrum í sömu sporum og maður sjálfur.

CCU samtökin auglýsa eftir tveimur ungmönnum á aldrinum 18 til 30 ára til að taka þátt í þessum fundi í Tampere. Ferðakostnaður og þátttökugjald er greitt af CCU og finnsku samtökin CCAFIN, sjá um uppihald á staðnum. Þeir sem fara fyrir Íslands hönd þurfa á sjá um ca. 10. mín kynningu á ungliðahópnum hér heima. Það er samt ekkert að óttast, við aðstoðum ykkur og veitum þær upplýsingar sem þarf. Allir á fundinum eru í sömu sporum, fáir með ensku sem móðurmál og þetta er mjög afslappað umhverfi, engin pressa. Þar sem fundurinn er líka lærdómsríkur um hvernig megi efla starf ungliðahreyfinga, þá er æskilegt að viðkomandi einstaklingar vilji starfa með ungliðahópnum hér heima.

Þeir sem hafa áhuga og vilja sækja um, vinsamlegast sendið póst á ccu@ccu.is. Taka þarf fram fullt nafn, heimilisfang og kennitölu. Haft verður samband við alla umsækjendur og ekki er skilyrði að vera félagi í CCU. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2015.

Ef þið viljið skoða EYG hópinn og kynnast krökkunum þá eru þau á:

Fésbókinni: "EFCCA Youth Group"
Twitter: @EFCCAYouthGroup.



20 ÁRA AFMÆLI CCU
5. NÓVEMBER KL. 17:00
GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

MUNIÐ

UPPLÝSINGAR



Minum á fésbókarsíðuna:

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

Smellið einu "læki" og fylgist með. Lokaðir hópar: Umræðuhópurinn, foreldrahópurinn og landsbyggðin. Ef þið viljið vera með, sendið okkur póst á ccu@ccu.is

Látið vita um breytt heimilisföng og e-mail til að fréttabréf og tilkynningar rati rétta leið.

Athugið að við erum komin með nýtt símanúmer fyrir talhólfíð:

871 3288

FRÉTTIR



Aníta hefur verið í sambandi við Medikidz í London til þess að fá leyfi til að gefa út teiknmyndasögur um Crohn's og Colitis. Við erum að skoða þjár mismunandi sögur sem við getum valið til þýðingar þannig að þetta er allt á góðri leið..... spennandi!

Það eru þrjár aðilar búnir að skrá sig til leiks í Reykjavíkurmaraþoninu. Eins og við sögðum frá í síðasta fréttabréfi verðum við með boli fyrir þá sem taka þátt fyrir samtökin og einnig fyrir stuðningsmenn.

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Allir íbúar jarðarinnar brosa á sama tungumáli.

Ókunnur höfundur